



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Sambands ungra sjálfstæðismanna vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs). 153. Löggjafarþing 2023-2023. Þingskjal 599 - 497. mál.

Sambandi ungra sjálfstæðismanna (SUS) barst umsagnarbeiðni frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs).

SUS telur það ekki gáfulega hugmynd að lækka kosningaaldur niður í 16 ára aldur í núverandi lagaumhverfi. Vert er að benda á að 16 ára einstaklingum er ekki treyst til þess að hafa ökuréttindi, versla tóbak eða áfengi, ganga í hjónaband, taka lán, eða kaupa hlutabréf og stofna rafræn skilríki án samþykkis forsjáraðila. Eru aldursskilyrði fyrir slíku ýmist bundin við 18 eða 20 ára aldur. Skýtur það skökku við að aðila sem þarf forsjáraðila til að taka ákvarðanir um sjálfan sig, verði falinn réttur til að taka ákvarðanir um aðra.

Þá er í umræðunni um lækkun kosningaaldurs oft bent á það að einstaklingar byrja að greiða tekjuskatt af launum við 16 ára aldur. SUS setur sig auðvitað upp á móti skattlagningu ríkisborgara sem hafa ekki kosningarétt. Því leggur SUS til þá lausn að halda kosningaaldri við 18 ára aldur, hækka aldurinn þar sem einstaklingar byrja að greiða tekjuskatt í 18 ára og lækka aldurinn til kaupa á áfengi einnig í 18 ára.

Raunar telur SUS brýnt að samræma aldursskilyrði laga við sjálfræðisaldur, 18 ár, en önnur aldursskilyrði, meðal annars þau framangreindu, fela í sér óþarfa flækjustig í löggjöf sem ber að forðast.

Með því móti myndi 18 ára afmæli einstaklinga á Íslandi vera skýr kaflaskil á lífsleiðinni þar sem einstaklingar teljast fullorðnir og fullfærir um að taka ákvarðanir um sjálfa sig sem og aðra með beitingu kosningaréttar. Á þann hátt væri hægt að slá tvær flugur í einu höggi og leysa flestar deilur um rétt einstaklings til sjálfsákvarðana.

26. maí 2023

Fh. Sambands ungra sjálfstæðismanna

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lísbet Sigurðardóttir', written in a cursive style.

Lísbet Sigurðardóttir, formaður